



Sveitarfélagið Hornafjörður

Endurskoðunarskýrsla 2016

Ársreikningur 2016

Apríl 2017

Inngangur

Höfn, 7. apríl 2017

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir árið 2016 er lagður fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu 6. apríl 2017. Við munum árita hann samhliða afgreiðslu og áritun sveitarstjórnar við síðari umræðu með fyrirvaralausri áritun, komi ekki fram mikilvægar viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á álit okkar.

Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarfélagsins en hann hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun eins og lýst var í bréfi okkar um endurskoðun dagsettu 6. janúar 2014.

Þessi skýrsla inniheldur niðurstöður endurskoðunar okkar og er ætlað að upplýsa um atriði sem komu í ljós við endurskoðunina og við teljum að eigi erindi við ykkur.

Hér á eftir fara ýmsar upplýsingar um ársreikninginn og endurskoðunina ásamt ábendingum og athugasemdum eftir því sem við á.

Við höfum jafnframt ábendingum til stjórnenda á framfæri með sérstökum skýrslum til bæjarstjóra þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi innra eftirlit, fjárhagskerfi og stjórnsýslu.

Við munum veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina og efni skýrslunnar ef óskað verður eftir því.

Afrit:

Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri

Frekari upplýsingar í tengslum við skýrsluna veita:

Magnús Jónsson
Hluthafi og löggiltur endurskoðandi
magnusjonsson@kpmg.is

Sigurjón Örn Arnarson
Hluthafi og löggiltur endurskoðandi
sarnarson@kpmg.is

Efnisyfirlit

Endurskoðun KPMG	4
Niðurstaða endurskoðunar	5
Fyrirhuguð áritun óðháðs endurskoðanda	6
Áherslur í endurskoðun	9
Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun	20
Rekstrarreikningur	23
Efnahagsreikningur	24
Sjóðstreymisyfirlit	26
Rekstur A hluta á árinu 2016	27
Rekstur B hluta á árinu 2016	28
Lykiltölur og fjárhagsáætlun 2017-2020	29
Endurskoðunarmismunir	37
Upplýsingar sem skylt er að veita sveitarstjórn	38
Fyrirvarar	39

Endurskoðun KPMG



Niðurstaða endurskoðunar

Mikilvægi



Mikilvægismörk í endurskoðuninni voru ákvörðuð 133 millj. kr. sem eru um 1,5% af heildareignum.

Greint frá skekkjum yfir



7 m.kr.

Skekkjur hærrí en 7 millj. kr. fara á lista yfir óleiðréttá mismuni.

Veikleikar í innra eftirliti

Við skoðun okkar á innra eftirliti komu ekki fram verulegir veikleikar.

Við höfum hins vegar komið á framfæri ábendingum um veikleika í innra eftirliti sem ekki teljast verulegir en tækifæri eru til úrbóta á því.

Óleiðréttir endurskoðunarmismunir

Ekki var um endurskoðunarmismuni að ræða hjá sveitarfélaginu, hvorki leiðréttá né óleiðréttá.

Óafgreidd mál

- Áritun endurskoðanda
- Staðfestingarbréf stjórnenda
- Afgreiðsla og áritun bæjarstjórnar

Áherslur í endurskoðun

- 1) Innra eftirlit og fjárhagskerfi
- 2) Stjórnsýsluskoðun
- 3) Önnur áhersluatriði

Fyrirhuguð áritun óháðs endurskoðanda

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir árið 2016 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaáferðir

það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við évallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaáferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við bæjarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglanna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga:

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

1 Innra eftirlit og fjárhagskerfi

Innra eftirlit

Áhættan

Innra eftirlit og virkni þess er veigamikill þáttur í að tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

Okkar viðbrögð

Við endurskoðun okkar á ársreikningi 2016 höfum við tekið mið af innra eftirliti með fjárhagslegum sveitarfélagsins. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og hafa að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

Endurskoðun okkar byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Niðurstaða

- Ekki komu fram verulegir veikleikar á innra eftirliti en við bendum á að aðgreining starfa er ekki fullnægjandi.
- Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til bæjarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi innra eftirlit og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.
- Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2017.

1 Innra eftirlit og fjárhagskerfi, frh.

Mögulega sniðganga stjórnenda á eftirliti

Áhættan

Stjórnendur eru almennt í þeirri aðstöðu að geta átt við fjárhagsfærslur og sett fram röng reikningsskil með því að sniðgagna eftirlitsaðgerðir sem annars virðast vera skilvirkar og þannig viðhaft sviksemi.

Endurskoðendum er skylt að framkvæma aðgerðir sem miða sérstaklega að því að komast að raun um ef stjórnendur hafa sniðgengið eftirlit.

Okkar viðbrögð

Við prófuðum virkni eftirlits með færslum og lokafærslum.

Við mátum hvort breytingar milli ára á aðferðum og forsendum við reikningshaldslegt mat væru viðeigandi.

Við skoðum hvort verulegar færslur, sem eru ekki hluti af hefðbundinni starfsemi sveitarfélagsins eða eru á annan hátt óvanalegar, væru til staðar og ef svo er hvort bókhaldsleg meðferð væri viðeigandi.

Við leituðum að sviksemisfærslum með sjálfvirkum aðgerðum og gagnagreiningum.

Niðurstaða

Engar vísbendingar komu fram um sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.



2 Stjórnsýsluskoðun

Áhættan

Lagareglur gilda um form ákvarðana um álagningu skatta og þjónustugjalda og ákvarðana um hvers kyns útgjöld sveitarfélaga.

Séu ákvarðanir ekki teknar í samræmi við lög kann að leika vafi á heimildum til álagningar skatta og gjalda og ráðstöfunar fjármuna.

Okkar viðbrögð

Samkvæmt 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu endurskoðendur sveitarfélaga meðal annars „kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrgja fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.“

Var í því sambandi kannað hvort sveitarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykpta er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Niðurstaða

Ekki komu fram nýjar athugasemdir við stjórnsýsluskoðun okkar.

Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni.

Auk þess komum við ábendingum til bæjarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi stjórnsýslu og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.

Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2017.



3 Önnur áhersluatriði (1)

Varanlegir rekstrarfjármunir

- Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta námu um 4.131 millj. kr. í árslok 2016 eða um 85,2% af heildareignum sveitarfélagsins.
- Gjaldfærðar afskriftir ársins námu 144 millj. kr.
- Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 357 millj. kr. á árinu samanborið við 238 millj. kr. á árinu 2015. Vega þar þyngst eftirtaldar fjárfestingar:
 - Fjárfestingar Eignasjóðs tengdar, Sindrabæ 82 millj. kr., Hagatúni 36 millj. kr. og leikskóla 26 millj. kr.
 - Fjárfesting þjónustumiðstöðvar í dráttarvél 11 millj. kr.
 - Fjárfesting Hornafjarðarveitna í fráveitukerfum 119 millj. kr.
- Nánar er fjallað um fjárfestingu ársins í skýringu 9 í ársreikningi.
- Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi og endurmat fært ef breyting frá bókfærðu verði nemur 5% eða meira. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar
- Á árinu 2016 var fært 47 millj. endurmatshækkun lóða og lendna til hækkunar á eigin fé sveitarfélagsins.
- Á árinu 2012 fékk sveitarfélagið að gjöf knattspyrnuhús frá Skinney-Þinganesi hf. sem byggt var yfir gervigrasvöll í eigu sveitarfélagsins. Bókfært verð knattspyrnuhúss í ársreikningi sveitarfélagsins er útlagður kostnaður þess. Afhending hússins hafði ekki áhrif á tekjur eða eignir sveitarfélagsins.
- Við viljum vekja athygli á því að eignin hefur ekki verið metin til eignar við ákvörðun leigu á knattspyrnuhúsi til málaflokka sveitarfélagsins.



3 Önnur áhersluatriði (2)

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

- Eignarhlutir A og B hluta í félögum nema alls 146 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi 2016 og breyttust ekki frá fyrra ári.
- Stærstu eignarhlutir í árslok voru 1,35% eignarhlutur í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. sem bókfærður er á 119 millj. kr., stofnframlag í Jöklastréti á Hornafirði ses. að fjárhæð 20 millj.kr., framlag í Atvinnuþróunarfélag Suðurlands 8 millj. kr. og stofnsjóðsinneign í Sláturfélaginu Búa svf. sem bókfærður er á 7 millj. kr.
- Niðurstaðan er sú að áætluð óbein niðurfærsla sem færð er á móti eignarhlutum í félögum nemur 28 millj. kr. og er hún færð til lækkunar á bókfærðu verði eignarhluta í efnahagsreikningi í árslok.
- Á árinu var Eignarhaldsfélaginu Hvata ehf. slitið en það hafði áður verið sameinað Sandbakka ehf. og Frumkvöðlastréti Austurlands ehf. Endanlega afskrift vegna þessa nam 0,5 millj. kr.
- Fjárfesting ársins nam 4,5 millj. kr. og var stofnframlag til Íbúðafélags Hornafjarðar hses.
- Eignarhlutir í Jöklastréti á Hornafirði ses., og Brennu flosa hf. eru niðurfærðir að fullu.
- Farið var yfir stöðu eignarhluta í félögum ásamt stjórnendum sveitarfélagsins og mat þeirra á raunvirði einstakra eignarhluta.



3 Önnur áhersluatriði (3)

Langtímakröfur

- Langtímakröfur námu í árslok 52 millj. kr. þar af eru 50 millj. kr. langtímakrafa vegna framkvæmdakostnaðar við þjóðlenduna við Fjallsárlón.
- Umrædd langtímakrafa samanstendur af eftirstöðvum uppsafnað framkvæmdakostnaðar við þjóðlenduna að viðbættum vöxtum sem mun endurheimtast gegnum greiðslur fyrir nýtingarleyfi þjóðlendunnar. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 er sveitarstjórnunum óheimilt að nýta fjármuni sem innheimtast í gegnum nýtingarleyfissamninga til annarra verkefna en innan þeirrar þjóðlendu. Af þeim sökum og að sveitarfélagið öðlast ekki eignarrétt á viðkomandi framkvæmdum er farið með kostnað við uppbygginu í þjóðlendu sem langtímakröfu.
- Aðrar langtímakröfur eru búseturréttir að fjárhæð 2 millj. kr.
- Við höfum yfirfarið framsetningu, forsendu og reikningshaldslega meðferð langtímakrafna.

3 Önnur áhersluatriði (4)

Óinnheimtar skatttekjur

Aðrar skammtímakröfur

- Útvar og fasteignaskattur ársins námu 1.296 millj. kr. samanborið við 1.164 millj. kr. á fyrra ári. Það svarar til 11,3% hækkunar á milli ára.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu óinnheimtar skatttekjur 107 millj. kr. í árslok samanborið við 88 millj. kr. á fyrra ári.
- Óbein niðurfærsla óinnheimtra skatttekna nam 23 millj. kr. í árslok, samanborið við 15 millj. kr. á fyrra ári og hækkar því niðurfærslan um 8 millj. kr. milli ára. Hækkun niðurfærslu er færð til lækkunar á skatttekjum og vaxtatekjum í rekstrarreikningi. Á árinu voru engar skattkröfur endanlega afskrifaðar.
- Niðurfærslan er meðal annars metin út frá greiningu á eftirstöðvum útsvars sem lagt er á gjaldendur utan staðgreiðslu. Hlutfall óbeinnar niðurfærslu af óinnheimtum skatttekjum nemur 17,6% í árslok.
- Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum skatttekjum í árslok í efnahagsreikningi.
- Við endurskoðun okkar staðfestum við m.a. skattkröfur með samanburði við ytri gögn og fórum yfir mat stjórnenda á niðurfærslu skattkrafna.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímakröfur A og B hluta 111 millj. kr. í árslok, samanborið við 159 millj. kr. á fyrra ári.
- Óbein niðurfærsla annarra skammtímakrafna nam 9 millj. kr. í árslok 2016.
- Niðurfærslan greinist þannig að 8,3 millj. kr. eru færðar niður vegna almennra krafna í Aðalsjóði, 0,3 millj. kr. vegna krafna í Hafnarsjóði og 0,6 millj. kr. í Félagslegum íbúðum
- Við endurskoðun okkar fórum við meðal annars yfir mat stjórnenda á niðurfærslu krafna.

3 Önnur áhersluatriði (5)

Lífeyrisskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding

- Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna sveitarfélagsins. Skuldbindingin er gagnvart LSR. Reiknuð breyting á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni.
- Greiddur lífeyrir á árinu nam 13 millj. kr. og er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni.
- Lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins nam 436 millj. kr. í árslok 2016 og nemur samantekin hækkun ársins 55 millj. kr.
- Endurskoðun lífeyrisskuldbindinga felur meðal annars í sér mat á hæfi tryggingastærðfræðings sem reikninga skuldbindingu, yfirferð á undirliggjandi gögnum og forsendum og greiningaraðgerðir.
- Meðal skuldbindinga A og B hluta er færð tekjuskattsskuldbinding upp á 1 millj. kr. vegna Gagnaveitu Hornafjarðar ehf. Skuldbindingin er reiknuð af mismuni bókfærðs verðs rekstrarfjármuna félagsins skv. ársreikningi og skattauppgjöri hins vegar.
- Mismunur stafar að mestu af því að hluti fastafjármuna félagsins hafa verið niðurfærðir að fullu í skattskilum félagsins.

3 Önnur áhersluatriði (6)

Skuldir við lánastofnanir

Aðrar skammtímaskuldir

- Skuldir A og B hluta við lánastofnanir nema samtals 510 millj. kr. í árslok og skiptast í langtímalán að fjárhæð 404 millj. kr. og næsta árs afborganir langtímalána að fjárhæð 106 millj. kr. Skuldir við lánastofnanir námu 616 millj. kr. ársbyrjun.
- Skuldir A hluta við lánastofnanir námu í árslok 301 millj.kr.
- Lánasafn félagsins greinist þannig að
 - 67,6% skulda sveitarfélagsins eru verðtryggð lán í íslenskum krónum, sem bera 1-6,5% vexti,
 - 1,9% eru skuldir í erlendum myntum, sem bera neikvæða 0,2% vexti
 - og 26,9% eru óverðtryggðar skuldir sem bera 6,7% vexti.
- Framangreindar skuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um.
- Verðbólguáhrif til hækkunar á höfuðstól verðtryggðra lána nam 8 millj. kr. og gengismunur hafði 6 millj. kr. áhrif til lækkunar.
- Áætlaðar afborganir A og B hluta af langtímalánum á árinu 2017 eru 106 millj. kr. og í því sambandi má benda á að veltufé frá rekstri sveitarfélagsins nam 580 millj. kr. á árinu 2016. Veltufé frá rekstri er til lengri tíma ætlað að standa undir afborgunum langtímalána auk þess að ganga upp í fjárfestingar og hefur því sveitarfélagið umtalsvert fjármagn frá rekstri til fjárfestinga umfram afborganir langtímalána.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímaskuldir A og B hluta 295 millj. kr. í árslok 2016 og hækkuðu um 47 millj. kr. á árinu 2016.
- Hækkun stafar einkum af hækkun áfallins orlofs, launatengdra skulda og lánadrottna

3 Önnur áhersluatriði (7)

Málaferli

- Árinu 2016 úrskurðaði meirihluti sáttanefndar í deilu sveitarfélagsins og Hólabrekku ehf. um uppgjör á samningi um rekstur sambýlis fyrir fatlað fólk. Meirihluti nefndarinnar úrskurðaði að sveitarfélaginu bæri að greiða Hólabrekku ehf. 16 millj. kr. vegna lokauppgjörs samningsins. Þar af hafði sveitarfélagið áður greitt 8 millj. kr. Í úrskurði nefndarinnar kemur fram að úrskurðurinn sé ígildi gerðardóms. Á grundvelli þessa tók Sýslumaðurinn á Suðurlandi á árinu 2017 fyrir fjárnámsbeiðni Hólabrekku ehf. og úrskurðaði hann að krafa Hólabrekku ehf. væri aðfararhæf. Sveitarfélagið hefur andmælt niðurstöðu meirihluta nefndarinnar þar sem það telur hana efnislega ranga sem og að nefndin hafi farið út fyrir verksvið sitt. Þá telur sveitarfélagið að nefndin hafi hvorki uppfyllt málsmeðferðar- né hæfiskröfur til að geta kveðið upp gerðardóm og kannar nú hvort fara eigi með málið fyrir dómstóla. Af þeim sökum hefur ekki verið færð upp skuld vegna þessa.
- Í nokkrum lánasamningum sveitarfélagsins eru ákvæði um að lánveitandi geti krafist fullrar endurgreiðslu á lánveitingum sé gert fjárnám hjá sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur fengið staðfestingu hjá viðkomandi lánastofnun að hún muni ekki krefjast endurgreiðslu viðkomandi lána á grundvelli fjárnámsbeiðni Hólabrekku ehf. sem fram kom á árinu 2017.
- Við höfum yfirfarið greinargerð lögmannna og rætt við stjórnendur vegna þessa.

3 Önnur áhersluatriði (8)

Skuldbindingar utan efnahags

Ábyrgðarskuldbindingar

Framsetning ársreiknings

- Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum þátttakandi í nokkrum byggðasamlögum, sjá nánar í skýringu 18. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna miðað við samanlagða íbúatölu á hverju ári.
- Í samningi um nýtingarrétt um þjóðlendu við Fjallsárlón er lögð sú skylda að á sveitarfélagið að leysa til sín eignir nýtingarleyfishafa í lok leigusamnings 2027. Heimilt er að framlengja samninginn að loknum um 6 ár. Við ákvörðun kaupverðs á viðkomandi fasteigna er ákvarðað af óháðum matsaðilum.
- Í endurskoðun höfum við yfirfarið skuldir utan efnahags og leitað að óskráðum skuldbindingum.
- Í reglugerð nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2016 skulu sveitarfélög árlega útbúa ábyrgða- og skuldbindingayfirlit og skal það staðfest samhliða staðfestingu ársreiknings hvers árs. Í yfirlitinu skulu koma fram upplýsingar um verkefni sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Einnig skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðir sem sveitarfélagið hefur veitt til fyrirtækja eða verkefna. Fyrir hvert fyrirtæki eða verkefni skal veita samandregnar fjárhagsupplýsingar á tilteknu formi.
- Við vekjum athygli stjórnenda á ofangreindum skyldum sveitarfélagsins
- Við höfum kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.



3 Önnur áhersluatriði (9)

Skatttekjur

- Skatttekjur nema um 80,7% af tekjum sveitarfélagsins.
- Við endurskoðun okkar á útsvari og framlögum frá Jöfnunarsjóði var stuðst við ytri gögn frá Fjársýslu ríkisins og Jöfnunarsjóði og samanburði við önnur gögn.

Aðrar tekjur

- Aðrar tekjur nema um 19,3% af heildartekjum sveitarfélagsins.
- Endurskoðun annarra tekna fól m.a. í sér greiningaraðgerðir, staðfestingar við undirliggjandi gögn, yfirferð með stjórnendum á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun og samanburði við fyrra ár.

Laun og launatengd gjöld

- Laun og launatengd gjöld nema 45,5% af heildartekjum sveitarfélagsins.
- Breyting áfallins orlofs nam 8 millj. kr. og er færð til gjalda í rekstri meðal launa- og launatengdra gjalda. Áfallið orlof er færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi og nam í árslok 80 millj. kr.
- Endurskoðun launa og launatengdra gjalda felur meðal annars í sér framkvæmd greiningaraðgerða, yfirferð og prófanir á eftirlitsaðgerðum tengdum launaferli auk staðfestinga samkvæmni gjaldfærslu fjárhagsbókhalds og útreiknings launakerfis.

Annar rekstrarkostnaður

- Annar rekstrarkostnaður nemur 30,7 % af heildartekjum sveitarfélagsins.
- Endurskoðun felur í sér greiningaraðgerðir, yfirferð með stjórnendum á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun og fyrra ári og prófanir á eftirlitsaðgerðum tengdum öðrum rekstrarkostnaði. Farið er yfir samþykki kostnaðarreikninga og staðfest að það sé í samræmi við úthlutaðar heimildir.



3 Önnur áhersluatriði (10)

Uppgjör lífeyrisskuldbindinga vegna A deildar Brúar lífeyrissjóðs

- Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og hafði sú breyting áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs sem núverandi og fyrrverandi starfsmenn sveitarfélagsins eru aðilar að. Áður eða þann 28. október 2016 skrifuðu ríki og sveitarfélög undir samkomulag um uppgjör áfallins og framtíðar halla A deildarinnar auk varúðarsjóðs.
- Í mars 2017 barst sveitarfélaginu erindi frá Brú lífeyrissjóði þar sem fyrirhugað uppgjör er kynnt. Mun uppgjorið miða við uppreiknaða stöðu A deildar lífeyrissjóðsins þann 31. maí 2017. Sveitarfélaginu mun standa til boða að gera upp við lífeyrissjóðinn skuldbindingar sínar vegna A deildar lífeyrissjóðsins, ellegar mun ríkissjóður gera á það endurkröfu. Óvissa ríkis um endanlega fjárhæð uppgjorsins, áhrif þess á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og endanlegt fyrirkomulag þess.
- Ekki er færð upp skuldbinding vegna A deildar lífeyrissjóðsins þar sem hingað til hefur verið litið svo á að iðgjöld launþega standi undir lífeyrisskuldbindingum sjóðsins. Kann því umrætt uppgjör að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins þar sem mögulega þarf að færa í reikningsskilin áður ófærðar skuldbindingar.
- Ekki liggur fyrir með nákvæmum hætti hvernig að uppgjörinu verður staðið og því ekki unnt að gefa álit á því hver reikningshaldsleg meðhöndlun þess verður.

Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun, A hluti

Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun		A hluta			
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2016	Frávik frá upphaflegri áætlun
Útsvar og fasteignaskattur	1.300.076	1.221.857	6%	1.232.277	6%
Framlög Jöfnunarsjóðs	663.092	571.250	16%	571.250	16%
Aðrar tekjur	242.064	222.419	9%	228.091	6%
	2.205.231	2.015.526	9%	2.031.618	9%
Laun og launatengd gjöld	1.067.231	1.071.692	0%	1.065.129	0%
Breyting lífeyrisskuldbindingar	26.295	14.000	88%	14.000	88%
Annar rekstrarkostnaður	684.369	697.182	-2%	705.309	-3%
	1.777.895	1.782.874	0%	1.784.438	0%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	427.336	232.652	84%	247.180	73%
Afskriftir	(95.146)	(75.163)	27%	(77.818)	22%
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	332.190	157.489	111%	169.362	96%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4.697	(14.668)	-132%	(12.892)	-136%
Hagnaður ársins	336.887	142.820	136%	156.470	115%

Fjárhagsáætlun ársins 2016 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 3. desember 2015.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum sveitarstjórnar á árinu. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur.

Almennt er bent er á mikilvægi vandaðrar fjárhagsáætlanagerðar og eftirlits með þróun raunkostnaðar, en það er eitt áhrifamesta stjórnþæki í rekstri sveitarfélaga.

Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun, A og B hluti



Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun		A og B hluta			
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2016	Frávik frá upphaflegri áætlun
Útsvar og fasteignaskattur	1.295.995	1.218.037	6%	1.228.457	5%
Framlög Jöfnunarsjóðs	663.092	571.250	16%	571.250	16%
Aðrar tekjur	468.965	466.934	0%	460.606	2%
	2.428.052	2.256.221	8%	2.260.313	7%
Laun og launatengd gjöld	1.103.626	1.116.650	-1%	1.109.837	-1%
Breyting lífeyrisskuldbindingar	41.600	15.120		15.120	
Annar rekstrarkostnaður	746.162	794.466	-6%	790.843	-6%
	1.891.387	1.926.236	-2%	1.915.800	-1%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	536.665	329.985	9%	344.513	9%
Afskriftir	(144.920)	(115.900)	25%	(119.661)	21%
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	391.745	214.085	83%	224.852	74%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(12.809)	(44.658)	-71%	(49.800)	-74%
Tekjuskattur	1.179	0	-	0	-
Hagnaður ársins	380.114	169.427	124%	175.051	117%

Fjárhagsáætlun ársins 2016 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 3. desember 2015.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum sveitarstjórnar á árinu. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur.

Almennt er bent er á mikilvægi vandaðrar fjárhagsáætlanagerðar og eftirlits með þróun raunkostnaðar, en það er eitt áhrifamesta stjórnþæki í rekstri sveitarfélaga.

Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun, fjárfestingar



Fjárfesting í samanburði við áætlun			
A hluti	Fjárfesting	Fjárfestingaráætlun	
	2016	með viðaukum	upphafleg
Fasteignir og önnur mannvirki			
Sindrabær	81.616	79.000	40.000
Ráðhús	0	3.000	14.000
Vöruhús	16.525	20.000	20.000
Mikilgarður Heppusvæði	7.057	20.000	30.000
Leikskóli	26.444	33.000	20.000
Leiguíbúðir	0	19.600	0
Hjúkrunarheimili	0	1.500	6.000
Reiðhöll	0	1.100	0
Jarðstöð	5.000	11.000	0
Hagatún	36.215	33.000	0
Sorpstöð	1.809	0	0
Silfurbraut 2	8.645	0	0
Höfgarður	1.572	0	0
Fasteignir og önnur mannvirki samtals	184.883	221.200	130.000
Gatnamannvirki og umferðarmannvirki:			
Gatnaframkvæmdir færðar til eignar	0	3.000	30.000
Gatnamannvirki samtals	0	3.000	30.000
Áhöld og búnaður:			
Slökkvifreið	5.553	5.000	0
Áhöld og tæki þjónustumiðstöð	2.519	2.730	0
Áhöld og tæki sorpstöð	1.976	4.000	15.000
Dráttarvél	11.011	10.000	0
Leiktæki og opin svæði	9.209	4.584	0
Áhöld og búnaður samtals	30.268	26.314	15.000
Fjárfesting A hluta samtals	215.151	250.514	175.000
B hluti			
Fráveita	119.360	165.000	150.000
Vatnsveita	1.232	2.900	10.000
Hafnarmannvirki	10.667	15.000	15.000
Björn lóðs	987	0	0
Félagslegar íbúðir, endurbætur	9.703	0	0
Fjárfesting B hluta samtals	141.949	182.900	175.000
Fjárfesting A og B hluta samtals	357.100	433.414	350.000

Fjárhagsáætlun ársins 2016 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 3. desember 2015.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum sveitarstjórnar á árinu. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur.

Bent er á mikilvægi vandaðrar fjárhagsáætlanagerðar og eftirlits með þróun raunkostnaðar, en það er eitt áhrifamesta stjórnþæki í rekstri sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2016	A hluti		A og B hluti	
	2016	2015	2016	2015
Útsvar og fasteignaskattur	1.300.076	1.167.990	1.295.995	1.164.157
Framlög Jöfnunarsjóðs	663.092	652.536	663.092	652.536
Aðrar tekjur	242.064	241.288	468.965	477.702
	2.205.231	2.061.814	2.428.052	2.294.395
Laun og launatengd gjöld	1.067.231	998.896	1.103.626	1.047.490
Breyting lífeyrisskuldbindingar	26.295	57.269	41.600	59.814
Annar rekstrarkostnaður	684.369	680.977	746.162	779.982
	1.777.895	1.737.141	1.891.387	1.887.287
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	427.336	324.672	536.665	407.108
Afskriftir	(95.146)	(93.014)	(144.920)	(136.612)
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	332.190	231.658	391.745	270.496
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4.697	(5.043)	(12.809)	(24.688)
Tekjuskattur	0	0	1.179	1.066
Hagnaður ársins	336.887	226.615	380.114	246.874

Framlegð ársins

Rekstrarniðurstaða ársins, fyrir afskriftir og fjármagnsliði, nam 537 millj. kr., samanborið við 407 millj. kr. á fyrra ári.

Framlegðarhlutfall ársins nemur 22,1% samanborið við 17,7% á fyrra ári.

Framlegðarhlutfall A hluta nemur 19,4% samanborið við 15,7% á fyrra ári.

Efnahagsreikningur 31. desember 2016	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.085.728	2.918.847	4.131.147	3.872.090
Eignarhlutir og stofnframlög	177.612	173.612	149.612	145.612
Langtímakröfur	40.710	0	42.560	1.850
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	46.563	80.208	0	0
Fastafjármunir	3.350.613	3.172.667	4.323.319	4.019.552
Óinnheimtar skatttekjur	106.651	87.797	106.651	87.797
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	407.873	307.958	0	0
Aðrar skammtímakröfur	97.519	92.118	110.895	158.628
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	35.326	33.111	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	9.684	0	9.684	0
Handbært fé	228.217	131.250	296.730	172.754
Veltufjármunir samtals	885.271	652.234	523.961	419.179
Egnir samtals	4.235.884	3.824.900	4.847.280	4.438.731

Heildareignir

Heildareignir námu 4.847 millj. kr. í árslok samanborið við 4.439 millj. kr. í lok fyrra árs.

Efnahagsreikningur 31. desember 2016	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Eignfjárreikningur	3.210.545	2.826.445	3.604.777	3.177.450
Eigið fé	3.210.545	2.826.445	3.604.777	3.177.450
Lífeyrisskuldbindingar	374.334	348.038	436.092	394.492
Tekjuskattsskuldbinding	0	0	656	1.835
Skuldir við lánastofnanir	209.903	302.029	404.136	507.203
Langtímaskuldir	584.236	650.068	840.885	903.531
Skuldir við eigin fyrirtæki	62.361	8.516	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	90.683	94.509	105.967	109.289
Aðrar skammtímaskuldir	288.058	245.362	295.651	248.461
Skammtímaskuldir	441.103	348.387	401.618	357.750
Eigið fé og skuldir samtals	4.235.884	3.824.900	4.847.280	4.438.731

Eigið fé

Eigið fé nam 3.605 millj. kr. í árslok, samanborið við 3.177 millj. kr. á fyrra ári.

Breytingin skýrist af afkomu ársins sem nam 380 millj. kr. og endurmati lóða og lendna sem nam 47 millj. kr. í árslok 2016.

Eignfjárlutfall nemur 74,4% í árslok samanborið við 71,6% í ársbyrjun.

Heildarskuldir

Heildarskuldir námu 1.242 millj. kr. í árslok samanborið við 1.261 millj. kr. í ársbyrjun.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2016	A hluti		A og B hluti	
	2016	2015	2016	2015
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarniðurstaða	336.887	226.615	380.114	246.874
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi</i>	128.930	146.260	199.669	198.933
Veltufé frá rekstri	465.817	372.875	579.784	445.807
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum</i>	5.427	(14.705)	63.055	(72.175)
Handbært fé frá rekstri	471.244	358.169	642.839	373.632
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(215.151)	(90.383)	(357.100)	(238.286)
Söluverð rekstrarfjármuna	1.500	0	1.500	1.100
Eignarhlutar, breyting	(4.000)	0	(4.000)	0
Langtímakröfur, breyting	(50.394)	1.620	(50.394)	1.620
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting	33.805	31.685	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(234.240)	(57.079)	(409.994)	(235.567)
Fjármögnunarhreyfingar				
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting	(46.070)	(208.537)	0	0
Afborganir langtímalána	(93.967)	(95.951)	(108.868)	(110.378)
Fjármögnunarhreyfingar	(140.037)	(304.488)	(108.867)	(110.379)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	96.967	(3.398)	123.978	27.687
Handbært fé í ársbyrjun	131.250	134.647	172.754	145.067
Handbært fé í árslok	228.217	131.249	296.732	172.754

Veltufé og handbært fé frá rekstri

Veltufé frá rekstri nam 580 millj. kr. á árinu, samanborið við 446 millj. kr. á fyrra ári. Skýrist hækkun á milli ára af bættri afkomu. Framsetningu veltufjár frá rekstri hefur verið breytt á þann hátt að greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga eru sýndar meðal breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum.

Sjóðsflæðisáhrif innlausnarinnar eru hins vegar færð út sem breyting á rekstartengdum eignum og skuldum og því hefur innlausnin ekki áhrif á handbært fé frá rekstri.

Handbært fé frá rekstri nam 642 millj. á árinu samanborið við 374 millj. kr. á fyrra ári.

Sjá nánari sundurliðun í sjóðstreymisyfirliti í ársreikningi.

Fjárfestingahreyfingar

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum námu 357 millj. kr. á árinu og eru greindar nánar í skýringu 9.

Breyting langtímakrafna skýrist af breytingu vegna kröfur vegna þjóðlendu við Fjallsárlón

Fjármögnunarhreyfingar

Afborganir af langtímalánum námu 109 millj. kr. og

Rekstur A hluta fyrirtækja



Almennt

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð.

A hluti rekstur

	Aðalsjóður	Eignasjóður	Þjónustumiðstöð
Rekstrartekjur	2.195.212	215.333	22.359
Rekstrargjöld	(1.868.088)	(160.683)	(71.944)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	117.091	(112.393)	0
Rekstrarniðurstaða	444.215	(57.743)	(49.585)

Eignasjóður

Helstu skýringar á lakri rekstrarniðurstöðu Eignasjóðs má rekja til fjármagnskostnaðar. En rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði var jákvæður um 40 millj. kr.

Meginhlutverk Eignasjóðs er að veita einstökum sviðum í rekstri sveitarfélagsins þjónustu gegn leigu sem endurspeglar raunkostnað þar sem stofnkostnaði einstakra eigna er dreift á endingartíma þeirra. Lök rekstrarniðurstaða Eignasjóðs er vísbending um að tekjur sjóðsins séu of lágar og endurskoða þurfi leigufjárhæðir til þess að leiga standi undir rekstri og fjármögnun eigna sjóðsins.

Þjónustumiðstöð

Lök rekstrarniðurstaða Þjónustumiðstöðvar bendir til að tekjur hennar séu vanreiknaðar og hún látin bera kostnað sem með réttu ætti heima á öðrum málaflokkum eða stofnunum sveitarfélagsins.

Meginhlutverk Þjónustumiðstöðvar er að veita einstökum sviðum í rekstri sveitarfélagsins þjónustu gegn þóknun sem endurspeglar raunkostnað þjónustunnar.

Rekstur B hluta fyrirtækja



Almennt

Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum.

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Hornafjarðarveitur, Félagslegar íbúðir og Gagnaveita Hornafjarðar ehf.

B hluti rekstur	Hornafjarðar- Félagslegar			
	Hafnarsjóður	veitur	íbúðir	Gagnaveita
Rekstrartekjur	122.952	89.956	28.433	4.266
Rekstrargjöld	(114.363)	(46.151)	(15.360)	(10.177)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.032)	(7.581)	(8.894)	0
Tekjuskattur	0	0	0	1.179
Rekstrarniðurstaða	7.557	36.224	4.179	(4.732)

Hafnarsjóður

Í árslok 2016 nam krafa Hafnarsjóðs á hendur Aðalsjóði um 62 millj. kr. samanborið við 9 millj. kr. í árslok 2015.

Við ítrekum þá ábendingu okkar að stjórnendur fari yfir fjárhagsskipan Hafnarsjóðs og tryggji að sjóðurinn hafi eðlilega ávöxtun af þeim fjármunum sem Aðalsjóður hefur í sinni vörslu.

Hornfjarðarveitur

Í árslok 2016 nam skammtímaskuld Hornafjarðarveitna við Aðalsjóð 344 millj. kr.

Við viljum benda á að æskilegt er að koma fjármögnun Hornafjarðarveitna í varanlegt horf annað hvort með utan aðkomandi fjármögnun eða vaxtaberandi langtímaláni frá Aðalsjóði.

Gagnaveita Hornafjarðar ehf.

Á árinu 2016 nam tap Gagnaveitu Hornafjarðar ehf. 4,7 millj. kr.

Viðskiptaskuld Gagnaveitunnar við aðalsjóð nam 38 millj. kr. í árlök. Við vekjum athygli að á að ganga þarf frá fjármögnun félagsins til langs tíma annað hvort með skuldabréfi eða hækkun á hlutafé.

Samhliða því þarf að yfirfara tekjustofna félagsins og rekstrargrundvöll þess og hvort form þess henti eðli starfseminnar til lengri tíma litið.

- Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru eitt mikilvægasta stjórnþæki þeirra. Samkvæmt sveitastjórnarlögum tekur áætlanagerðin til næstu fjögurra ára.
- Stefna stjórnenda til lengri tíma birtist þannig í fjárhagsáætlun sem er nánar útfærð í áætlun næsta árs.
- Bæjarstjórn hefur afgreitt áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun fyrir sveitarfélagið allt til ársins 2020 eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.
- Óhjákvæmilegt getur verið að gera viðauka við fjárhagsáætlun innan ársins. Gæta þarf þess að ef slíkir viðaukar eru samþykktir að bókanir vegna þeirra séu skýrar og að fram komi hvernig mæta eigi auknum útgjöldum eða öðrum breytingum er varða fjárhag sveitarfélagsins.


- Samkvæmt samþykktum áætlunum er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu öll árin sem áætlanir ná til.
- Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri nemi alls 1.448 millj. kr. á tímabilinu. Á sama tímabili er gert ráð fyrir afborgunum af langtímalánum að fjárhæð 286 millj. kr.
- Uppsafnaður greiðsluafgangur frá rekstri árána 2017-2020 nemur því um 1.162 millj. kr.
- Reiknað er með að fjárfestingarhreyfingar árána 2017-2020 nemi 1.913 millj. kr.
- Gert er ráð fyrir að mæta þeirri fjárþörf sem myndast vegna fjárfestinga með 900 millj. kr. lántöku.

Lykiltölur og fjárhagsáætlanir (frh.)

Hér að neðan má sjá þróun rekstrar og veltufjár frá rekstri til ársins 2020 í samanburði við fjárpörf vegna greiðslubyrði lána og fjárfestinga A og B hluta samkvæmt samþykktri áætlun. Fjárhæðir eru birtar í þús. kr.

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Rekstrartekjur	2.294.395	2.428.052	2.331.994	2.331.994	2.331.994	2.331.994
Rekstrargjöld án afskrifta	(1.887.287)	(1.891.387)	(1.968.715)	(1.940.878)	(1.937.779)	(1.937.779)
Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði	407.108	536.665	363.279	391.116	394.215	394.215
Afskriftir	(136.612)	(144.920)	(123.163)	(139.381)	(150.731)	(160.276)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(24.688)	(12.809)	(51.087)	(77.420)	(78.939)	(75.917)
Tekjuskattur	1.066	1.179	0	0	0	0
Rekstrariðurstaða	246.874	380.114	189.029	174.315	164.545	158.022
Veltufé frá rekstri, skv. stjórðstreymi	436.926	579.784	347.996	367.907	366.516	365.798
Afborganir langtímalána	(110.378)	(108.868)	(105.967)	(86.592)	(65.403)	(28.534)
Greiðsluafgangur (fjárpörf)	326.548	470.916	242.029	281.315	301.113	337.264
Uppsafnaður greiðsluafgangur 2017-2020, eftir afborganir lána			242.029	523.344	824.457	1.161.721
Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins 2017-2020			(712.500)	(500.000)	(350.000)	(350.000)
Uppsöfnuð fjárpörf 2017-2020, vegna fjárfestinga			(712.500)	(1.212.500)	(1.562.500)	(1.912.500)
Uppsöfnuð fjárpörf 2017-2020			(470.471)	(689.156)	(738.043)	(750.779)
Fjárvöntun að teknu tilliti til handbærs fjár í árslok 2016		296.731	(173.740)	(392.425)	(441.312)	(454.048)
Heildarskuldir	1.261.281	1.242.503	1.668.959	1.855.409	1.895.804	1.915.158

Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili, í millj. kr.




Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.).

Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um þróun rekstrarjafnaðar fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2014, 2015 og 2016 er rekstrarniðurstaða miðuð við ársreikning viðkomandi árs, en 2017 til 2020 í samræmi við áætlaða rekstrarniðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Framlegðarhlutfall



Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal við yfirferð sína á ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, athuga hvort sveitarfélag uppfyllir viðmið um rekstur og skuldastöðu, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun ef þeir hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu eða skuldastöðu sveitarfélagsins. Athugun á skilgreindum viðmiðum og lykiltölum eru meðal annarra þátta grundvöllur heildarmats eftirlitsnefndar á fjárhagsstöðu og fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga.


Ein af þeim lykiltölum sem miðað er við er framlegð sem hlutfall af reglulegum tekjum. Framlegð er samkvæmt skilgreiningu reglulegar tekjur að fráregnum rekstrargjöldum, en án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun framlegðarhlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2015 og 2016 er miðað við ársreikning viðkomandi árs, en 2017 til 2020 er miðað við áætlaða niðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Að okkar mati er rétt að meta framlegðarhlutfall sveitarfélags í samhengi við skuldahlutfall þess.


Skuldir og skuldbindingar í millj. kr.



Stöplariði sýnir yfirlit um heildarskuldir og skuldbindingar í millj. kr. fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2015 og 2016 eru birt í samræmi við ársreikninga viðkomandi ára, en 2017 til 2020 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Skuldahlutfall



—◆— A hluti	48,4%	46,5%	69,0%	78,3%	80,4%	81,4%
—■— A og B hluti	55,0%	51,2%	71,5%	79,5%	81,3%	82,1%
— Hámark skv. lögum	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.).

Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta séu ekki hærrí en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.


Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldahlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hinsvegar.

Árin 2015 og 2016 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2017 til 2020 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldaviðmið



Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Við útreikning á skuldaviðmiði skal draga frá heildarskuldum núvirði lífeyrisskuldbindingar sem áætlað er að komi til greiðslu eftir 15 ár og síðar sem og hreint veltufé sé það jákvætt.


Einnig skal draga frá heildarskuldum núvirði lágmarksleigugreiðslna hafi sveitarfélagið gert leigusamning við ríkissjóð um fjármögnun verkefna um fasteignir. Jafnframt skal draga lágmarksleigugreiðslur ársins frá rekstrartekjum við þennan útreikning.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldaviðmiðs fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hinsvegar.

Árin 2015 og 2016 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2017 til 2020 í samræmi við áætlaða breytingu á skuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Eiginfjárhlutfall



Línuritíð sýnir eiginfjárhlutfall A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar.

Árin 2015 og 2016 eru sýnd samkvæmt ársreikningum viðkomandi ára, en árin 2017 til 2020 samkvæmt áætlaðri breytingu á eiginfjárhlutfalli í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.

Mikilvægi í endurskoðun

Mikilvægismörk í endurskoðun

- Við endurskoðun eru sett ákveðin mikilvægismörk til að ákvarða hver ásættanleg skekkja er í viðkomandi ársreikningi. Við ákvörðun mikilvægismarkna er lagt mat á hversu mikil skekkja yrði þess valdandi að upplýstur notandi ársreiknings tæki aðra ákvörðun en væri skekkjan ekki til staðar. Mikilvægið er ákvarðað í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.
- Við skipulagningu endurskoðunar og ákvörðun um endurskoðunarnálgun beitum við mikilvægismörkum. Mikilvægismörk eru auk þess notuð við mat á mismunum sem upp geta komið við endurskoðunina og áhrif þeirra á reikningskilin í heild sinni.
- Við endurskoðun sveitarfélagsins höfum við ákvarðað mikilvægismörk 133 millj. kr.
- Stjórnendur eru upplýstir um leiðréttta og óleiðréttta endurskoðunarmismuni yfir 7 millj. kr.

Endurskoðunarmismunir

- Mismunum eða skekkjum sem fram koma við endurskoðunina er safnað á sérstaka mismunalista og er lagt mat á uppsöfnuð áhrif þeirra undir lok endurskoðunarinnar.
- Mismunalistinn er lagður fyrir stjórnendur sveitarfélagsins til upplýsinga og staðfestingar. Engir mismunir komu fram í endurskoðun okkar, sem eru yfir mikilvægismörkum við endurskoðunina.
- Stjórnendur hafa staðfest við okkur að samkvæmt þeirra mati hafi óleiðréttir mismunir óveruleg áhrif á ársreikninginn í heild sinni.


Upplýsingar sem skylt er að veita sveitarstjórn

Staðfestingarbréf stjórnenda	Við höfum ekki farið fram á sérstakar staðfestingar stjórnenda umfram þær sem koma fram í hefðbundnu staðfestingarbréfi stjórnenda fyrir árið 2016.
Tengdir aðilar	Það komu ekki upp veruleg atriði vegna tengdra aðila í endurskoðun okkar.
Veikleikar í innra eftirliti	Við höfum greint stjórnendum frá öllum veikleikum í eftirlitum sem við höfum orðið áskynja um.
Áritun á ársreikninginn	Áritun okkar á ársreikning sveitarfélagsins verður fyrirvaralaus.
Sviksemi eða grunur um sviksemi, lögum og reglum ekki fylgt eða ólögleg athæfi	Ekki hafa komið upp sviksemisatvik eða grunur um sviksemi stjórnenda eða annarra starfsmanna í lykilstöðum hjá sveitarfélaginu. Þá hafa ekki komið fram vísbendingar um að farið sé á svig við lög og reglur hjá sveitarfélaginu.
Óhæði	Endurskoðunarteymið og aðrir hjá KPMG sem tengjast endurskoðuninni svo og KPMG ehf. sjálf hafa fylgt siðareglum um óhæði.
Reikningsskilaaðferðir	Í endurskoðun okkar höfum við metið hversu viðeigandi reikningsskilareglur, reikningshaldslegt mat og skýringar eru í ársreikningi sveitarfélagsins. Almennt teljum við svo vera.

Fyrirvarar

Skýrsla þessi er gerð í samræmi við skilmála ráðningarréfs okkar um endurskoðun.

- Dreifingar skýrslunnar og takmörkun á ábyrgð
- Efni skýrslunnar er eingöngu byggt á aðgerðum sem eru nauðsynlegar í tengslum við endurskoðun okkar



Tilgangur skýrslunnar

Skýrslan hefur verið gerð í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2016, sem gerður er í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Skýrslan er gerð fyrir stjórnendur, sem við teljum vera bæjarstjórn og bæjarstjóra, í því skyni að upplýsa þá um atriði sem máli geta skipt samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA), þar á meðal samkvæmt ISA 260 *Samskipti við stjórnendur*, og önnur atriði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar og við teljum að geti verið athygliverð, en ekki í neinu öðru skyni.

Í skýrslunni eru tilgreind lyklatríði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar.

Takmarkanir á vinnu

Skýrslan er aðskilin frá áritun endurskoðanda og veitir ekki nein viðbótarálit á ársreikningi sveitarfélagsins. Skýrslan bætir ekki við eða breytir skyldum okkar sem endurskoðenda.

Við höfum ekki skipulagt eða framkvæmt aðrar aðgerðir en þær sem okkur ber sem endurskoðendum í því skyni að koma auga á eða miðla til ykkar upplýsingum um þau atriði sem fram koma í þessari skýrslu.

Atriði í skýrslunni eru byggð á þekkingu sem við höfum aflað í tengslum við vinnu okkar sem endurskoðendur sveitarfélagsins. Við höfum ekki sannreynt nákvæmni eða heilleika slíkra upplýsinga að öðru leyti en því sem af okkur er krafist í tengslum við endurskoðunina.

Takmörkun á ábyrgð

Skýrslan er gerð á þeim grundvelli að hún er aðeins í þágu stjórnenda sveitarfélagsins. Það eru þó engar takmarkanir á frekari dreifingu skýrslunnar af okkar hálfu en við samþykkjum ekki neina ábyrgð gagnvart þriðja aðila í tengslum við hana.



kpmg.com/app

kpmg.com/socialmedia

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.